

# Íslensk verðbréf taka við rekstri og vörslu sjóða Rekstrarfélags SPRON hf

## Fréttatilkynning

9. júní 2009

Bráðabirgðastjórn SPRON hefur gert samkomulag við Íslensk verðbréf (ÍV) um að taka að sér þjónustu á sviði vörslu og eignastýringar við viðskiptavinum sem áður voru hjá SPRON og SPRON Verðbréfum.

Samhliða hefur verið samið um að Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. taki við rekstri sjóða sem áður voru starfræktir af Rekstrarfélagi SPRON hf. Markmið samkomulagsins, sem þegar hefur tekið gildi, er að koma þjónustu við viðskiptavinum SPRON og SPRON Verðbréfa í eðlilegt horf sem fyrst.

## Sjóðir Rekstrarfélags SPRON hf.

Flutningur gagna og önnur undirbúningsvinna stendur nú yfir og verður hraðað eins og kostur er. Stefnt er að því að opna Áskriftarsjóð ríkisverðbréfa og innlenda hlutabréfasjóði síðar í þessari viku. Viðskiptavinir sjóða Rekstrarfélags SPRON geta snúið sér til Íslenskra verðbréfa og fengið þar nánari upplýsingar, þær er jafnframt að finna á heimasíðu ÍV [www.iv.is](http://www.iv.is).

## Eignastýring og varsla

Þjónusta við viðskiptavinum í vörslu og eignastýringu SPRON Verðbréfa færir til Íslenskra verðbréfa og geta viðskiptavinir í framhaldinu nálgast yfirlit, sótt ráðgjöf og fengið aðra almenna þjónustu á sviði eignastýringar og vörslu hjá Íslenskum verðbréfum.

## Sævar Helgason, framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa:

„Þessi samningur er mjög þýðingarmikill bæði fyrir viðskiptavinum SPRON og Íslensk verðbréf sem hafa yfir 20 ára reynslu á sviði eignastýringar. Við tökumst á við þetta verkefni af fagmennsku og viljum láta viðskiptavinum SPRON finna frá upphafi að fjármunir þeirra eru komnir í örugga vörslu og stýringu hjá okkur.“

## Formaður bráðabirgðastjórnar SPRON:

„Að vandlega athuguðu máli og eftir viðræður við fleiri aðila, sem teljast hæfir til að taka að sér þetta verkefni, var ákveðið að ganga til samninga við Íslensk verðbréf um þjónustu og umsýslu eigna sem tengjast sjóðum Rekstrarfélags SPRON hf. og eignastýringu SPRON Verðbréfa. Íslensk verðbréf hafa áratuga reynslu á þessu sviði og við treystum þeim til að veita viðskiptavinum SPRON trausta þjónustu.“

## Um Íslensk verðbréf

Íslensk verðbréf er eitt elsta starfandi fjármálafyrirtæki landsins, stofnað árið 1987. Eignir í stýringu nema um 100 milljörðum króna og starfsmenn eru 19 talsins. Íslensk verðbréf eru sérhæft eignastýringarfyrirtæki sem sinnir hvorki útlánastarfsemi né fyrirtækjaráðgjöf, heldur einbeitt sér að því að ná hámarksárangri á sviði eignastýringar. Einu fjárfestingar Íslenskra verðbréfa fyrir eigin reikning eru í sjóðum félagsins. Með þessu er komið í veg fyrir hagsmunaárekstra milli félagsins annars vegar og viðskiptavina hins vegar þegar kemur að góðum fjárfestingarkostum á markaði.

## Nánari upplýsingar:

Sævar Helgason, framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa, sími 460 4700.

Arne Vagn Olsen, forstöðumaður markaðs- og sölusviðs Íslenskra verðbréfa, sími 460 4700.